




Nova 500 Standlyfta



etac®

Notandaleiðbeiningar



Trönuhrauni 8

220 Hafnarfjörður


Sími 565 2885 / Fax 565 1423

stod@stod.is / www.stod.is


A




B



C




D



D 1

D 2

E




E 1





E 2


F




G




H




I



J



Almennar upplýsingar



Vinsamlegast lesið leiðbeiningarnar.
Lyftarinn er eingöngu til að flytja fólk.
Hámarksþyngd notanda er 180 kg.

Lyftarinn er til að lyfta fólki sem getur staðið í fætunum með aðstoð.
Fólk sem notar lyftarann ætti að hafa þekkingu og reynslu af því að flytja fólk.

Mynd A

fig. A

1. Lyftiarmur
2. Uppistaða
3. Hjólastell
4. Lyftumótor
5. Mótor fyrir hjólastell
6. Rafmagnsbox
7. Rafhlaða
8. Handstýring
9. Rafmagnssnúra
10. Bremsuhjól
11. Hjól án bremsu
12. Neyðarstopp
13. Neyðarlækkun
14. Handfang
15. Krækjur fyrir segl.
16. Púði fyrir fætur
17. Kálfaband
18. Stilling á dýpt á púða
19. Stilling á hæð á púða
20. Fótaplata
21. Afrennslisgat

Neyðarstopp/lækkun og hleðsla

Neyðarstopp, mynd C

fig. C

Til að stöðva hreyfingu í lyftunni strax ýtið á neyðarhnappinn á rafmagnsboxinu.
Lyftuna á ekki að nota ef neyðarhnappurinn virkar ekki.
Til að taka neyðarstoppið af, snúið hnappnum eins og örin sýnir.

Neyðarhnappinn ætti að prufa öðru hvoru.

Neyðarhnappinn ætti aldrei að nota í staðinn fyrir takkana á handstýringunni.
Þegar lyftan er í notkun á neyðarhnappurinn að vera út.

Neyðarlækkun, mynd D

fig. D

Ef lyftan hættir skyndilega að virka er hægt að lækka lyftiarminn með neyðarlækkun. Lyftuarminum dugar eigin þyngd og þyngd notandans til að lækka

Neyðarlækkun er tvenns konar

1. Á rafmagnsboxinu undir neyðarhnappnum er lítið gat. Stingið blýant eða svipuðu áhaldi (ekki of beitt) í gatið, þá mun neyðarlækkunin virka, mynd D1
2. Þegar togað er í neyðarlækkunina sígur lyftuarmurinn niður, mynd D2

Rafhlaða, mynd E og F

fig. E, F

Hlaða þarf rafhlöðuna reglulega, mælt er með á hverri nóttu. Neyðarstopp má ekki vera á. Ekki bíða með hleðslu þar til tómt er á rafhlöðunni eða ljós farið að loga. Rafhlaðan hefur ekki “minni” og ending hennar getur styðst verulega ef hún er látin tæmast. Ef ljós logar mynd E1, verður að hlaða lyftuna.

Á rafmagnsboxi eru 2 díóðuljós.

Ljósið til vinstri er grænt og það logar þegar lyftan er í sambandi við rafmagn.

Ljósið til hægri er gult og logar þegar hleðsla er í gangi mynd E2. Ef ljósið logar ekki þegar lyftarinn er settur í samband, er hann ekki að ná hleðslu og þarfnast viðgerðar.



Ekki nota lyftarann þegar hann er í hleðslu.

Ekki hlaða lyftarann í röku herbergi, t.d. Baðherbergi.

Notkun á lyftara

Bilaðan lyftara eða segl á aldrei að nota. Ekki hafa hjólin í bremsu þegar lyft er. Betra er að hafa stólinn sem lyft er úr í bremsu. Lyftarinn er ekki til að flytja fólk langar vegalengdir. Betra er að draga lyftarann þegar fólk er í honum. Þegar lyftaranum er snúið er best að aðstoðarmaðurinn taki í handfangið og í lyftiarminn og snúi. Lyftarann skal alltaf hreyfa mjúklega og passa að hann sé stöðugur.

fig.G



Á handstýringunni eru 2 takkar. Annar er til að opna og loka hjólastellinu. Hinn er til að hækka og lækka lyftiarminn, mynd G.

Þrif og viðhald

Þrifið lyftarann með rökum klút og mildum efnum. Mótorinn og rafhlaðan mega ekki blotna. Ef lyftarinn þarfnast endurbóta eða viðhalds skal einungis nota Etac varahluti.

Ef lyftarinn virkar ekki rétt.

Vandamál	Hugsanleg orsök	Hugsanleg bilun	Úrræði
Lyftarinn virkar ekki.	Enginn straumur.	Neyðarstoppið er á	Snúa neyðartakkanum, svo hann komi út
		Rafhlaða tóm eða biluð	Hlaðið rafhlöðuna eða skiptið um.
	Sambandsbilun	Lausar tengingar	Yfirfarið tengingar
		Rafhlaða ekki rétt í	Setjið rafhlöðuna rétt í
		Lyftarinn er í hleðslu.	Takið úr sambandi.
Slitrótt bilun. Lyftarinn fer upp en ekki niður eða öfugt.	Bilun í rafmagnsboxi.	Handstýring biluð.	Fá nýja
		Bilun í rafmagnsboxi	Fá nýtt box
	Ónógur straumur eða bilun í rafmagnsboxi.	Ónóg hleðsla	Hlaðið rafhlöðuna
		Tenging laus	Yfirfarið tengingar.
Hjólastellið virkar ekki	Sambandsleysi	Lausar tengingar	Yfirfarið tengingar
Hreyfingar í lyftaranum eru hægar. Ljós logar.	Ónógur straumur.	Ónóg hleðsla.	Hlaðið rafhlöðuna.
		Rafmagnssnúra eða box bilað.	Fá nýja snúru eða box..
Skrítin hljóð heyrast.	Mótorbilun eða fyrirstaða í hreyfingu.	Mótorinn getur ekki hreyfst liðlega.	Stillið stífleikan á samseytum.